

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t.nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 2. apríl 2019

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (frádráttur vegna kolefnisjöfnunar), 497. mál.

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarpið. Viðskiptaráð fagnar þannig hvers konar viðleitni í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og hefur ráðið lagst á árárnar með stofnun umhverfishóps Viðskiptaráðs.¹ Ráðið telur jafnframt að eina raunhæfa leiðin að því markmiði sem sett er fram í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum sé með samstilltu átaki viðskiptalífsins, almennings og stjórnvalda.

Með frumvarpinu er stigið skref í þá átt með því að fyrirtæki geti í auknum mæli lagt sitt af mörkum með beinum hætti í baráttunni við loftslagsbreytingar, en í því er fyrirtækjum heimilað að draga kostnað af vegna sem gagnast til kolefnisjöfnunar frá skattstofni með tilteknum skilyrðum en slíkt er ekki heimilt í núverandi lagaumhverfi. Með þessu skapast aukinn hvati fyrir fyrirtæki til að leggja sitt að mörkum til loftslagsmála sem er vænleg leið til árangurs.

Viðskiptaráð styður breytingarnar og hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Gunnar Dofri Ólafsson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

¹ Umhverfishópur Viðskiptaráðs: <https://vi.is/malefnastarf/frettir/umhverfishopur-vidskiptarads-tekur-til-starfa/>